



GISTING Í BOSTON

Íslenskt „Bed and Breakfast“

Vel staðsett í öruggu úthverfi með auðveldu tengingu inn í miðborgina

65 USD fyrir einn, 85 USD fyrir tvo. Innifalið: Gestir sóttir á flugvöll og fluttir til baka. Í boði er einnig leiðsögn og akstur um Bostonsvæðið.

Allar nánari upplýsingar, Haukur Sími: 001-617-237-6558 Fax: 001-617-237-3060 Geymið auglýsinguna

SL í samvinnu við Áningu

ÁNING - Gististaðir á Íslandi og innanlandsdeild Samvinnuferða-Landsýnar hafa gert með sér samkomulag vegna útgáfu Áningar fyrir árið 1998.

Samvinnuferðir-Landsýn (SL) munu nýta Áningu 1998 til þess að bóka gistingar fyrir einstaklinga samkvæmt sérstöku samkomulagi við þá gisti-

staði sem kynna þjónustu sína í bókinni, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá SL. Allir gististaðir, sem kynntir eru í Áningu og þess óska, eiga kost á því að ganga inn í þetta samkomulag.

Í fréttatilkynningunni kemur fram að jafnframt því sem Áning mun veita upplýsingar um

gistimöguleika hér á landi með sama hætti og undanfarin ár, mun samstarfið auka möguleika gististaðanna á viðskiptum við erlenda ferðamenn í gegnum dreifi- og sölukerfi SL.

Í ferðabæklingi SL fyrir árið 1998 sem ætlaður er erlendum ferðaskrifstofum og ferðaheildsölum er samstarfinu gerð ítar-

leg skil. Nýtt fyrirkomulag með greiðslumiða verður í boði, þar sem erlendir viðskiptavinir geta bókað gistingu með sólarhrings fyrirvara á hagstæðu verði. Frekari upplýsingar um nánari útfærslu á þessu samkomulagi verða sendar til þeirra gististaða sem kynna þjónustu sína í Áningu 1998.

Morgunblaðið

SUNNUDAGUR 12. OKTÓBER 1997 BLAÐ C

Ferðalög

Árleg ferðamálaráðstefna Ferðamálaráðs haldin á Blönduósi

60-70% erlendra gesta kemur á óvart verð á mat og drykk

ÁRLEG Ferðamálaráðstefna Ferðamálaráðs Íslands var sett á Blönduósi síðastliðinn fimmtudag. Ráðstefnan stóð í tvo daga og var meðal annars fjallað um framtíðarskipan í flugmálum, horfur íslenskrar ferðapjónustu á Evrópumarkaði, ástand á Bandaríkjamarkaði, hátt verðlag á gistingu, áfengi og bílaleigubílum, skipulag miðhálendis og nýsköpun, svo eitthvað sé nefnt.

Halldór Blöndal samgönguráðherra vék í erindi sínu að samstarfi skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri og Háskólans á Akureyri um rannsóknir í ferðapjónustu og sagði jafnframt von á nefndaráli á þessu ári um einstaka greinar ferðapjón-

ustunnar og að niðurstöðurnar yrðu kynntar á sérstakri ráðstefnu.

70,2% kom verð bílaleigubíla á óvart

Oddný P. Óladóttir kynnti niðurstöður heilsárskönnunar Ferðamálaráðs meðal erlendra ferðamanna en þar kemur fram meðal annars að 73,3% ferðamanna telja verðlagningu á drykkjum hærri en búist var við, 64,9% telja verðlag á mat hærri en þeir áttu von á, þegar spurt var um gistingu var hlutfallið 42,4% og 45,5% kom verð í matvöruverslunum á óvart. Þegar spurt var um bílaleigubíla töldu 70,2% verð þjónustunnar hærri en þeir höfðu



SAMKVÆMT heilsárskönnun Ferðamálaráðs fara 19% erlendra ferðalanga í fjallgöngu.

búist við, 45,2% töldu skoðunarferðir dýrari en þeir höfðu átt von á, 41% var þeirrar skoðunar um verð minjagripa og 39,2% kom verðlag skemmtana á óvart.

Spurt var um hvaða afþreyingu ferðalangurinn kysir sér og reyndust 63% hafa farið í sund, 57,5% skoðuðu náttúruna, 54,1% heimsótti hvalaugar og 51,7% fóru á sýningar og söfn. Bátsferðir fóru 31,6% ferðamanna.

Næturlúbbi og bari sóttu

25,4%, 22,4% fóru í fljótaferð, 21,1% í jöklaferð, 19,8% á hestbak, 19% í fjallgöngu og 17,7% í hvalaskoðun.

Kannað var hvaðan ferðalangurinn hefði fengið upplýsingar um Ísland og kom í ljós að 52,4% sóttu þær í bæklinga og handbækur, 47,3% til ferðaskrifstofa, 36,1% til vina og ættingja og 18,3% höfðu fengið upplýsingar hjá Flugleiðum. Ferðamálaráð hafði gefið 18,1% upplýsingar og 16,3% höfðu fræðst um landið á netinu.

Ferðamenn bóka ekki með miklu fyrirvara því 22,3% bókuðu eða keyptu ferð sína 0-2 vikum fyrir brottför, 25,2% 2-6 vikum, 19,5% 6-10 vikum og 22,7% 10-20 vikum. 10,3% bókuðu eða keyptu ferð rúmlega 20 vikum fyrir brottför.

Þá reyndust flestir, eða 91,1%, hafa gisti í Reykjavík en næstflestir, 50,7%, á Suðurlandi. Á Norðurlandi gistu 44,6%, 29,9% á Austurlandi, 28,9% á Vesturlandi, 19,1% á hálendinu og 11,4% á Vestfjörðum.

Upplýsingamiðstöðin á Egilsstöðum hlýtur umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs

Gisting og fræðsla um umhverfismál og staðhætti

UMHVERFISVERÐLAUN Ferðamálaráðs voru veitt í þriðja sinn á árlegri Ferðamálaráðstefnu sem sett var á Blönduósi á fimmtudag. Átta tilnefningar bárust til verðlaunanna sem féllu í hlut Upplýsingamiðstöðvarinnar og tjaldsvæðisins á Egilsstöðum.

Halldór Blöndal samgönguráðherra afhenti Steinunni Ásmundsdóttur, ferðamálafulltrúa Fljótisdals-heraðs, og Sigurjóni Hafsteinssyni, aðstoðarframkvæmdastjóra Ferðamiðstöðvar Austurlands, verðlaunin og nefndi við það tækifæri að þau væru hugsuð sem hvatning til ábyrgðar hugsunar í ferðapjónustu.

Uppbygging tjaldsvæðisins hefur staðið yfir frá því að Kaupfélag Héraðsbúa hóf starfsemi þess árið 1968

og nefndi Steinunn þegar verðlaunin voru afhent að þau Sigurjón hefðu tekið við góðu búi frá kaupfélagsmönnum.

Reksturinn er í höndum Ferðamiðstöðvar Austurlands og hefur eðli hans breyst frá því að vera hefðbundin tjaldsvæði í þjónustustað þar sem sérstök áhersla er lögð á umhverfismál og fræðslu um staðhætti og sögu, samkvæmt upplýsingum frá umhverfisfulltrúa Ferðamálaráðs, Vali Þór Hilmarssyni.

Ytri umgjörð, sorpflokkun, gönguferðir og fræðsla gera að verkum að þeir sem nýta sér þjónustuna fara af staðnum fróðari um umhverfismál og staðhætti. Einnig þykir samtenging tjaldsvæðisins við upplýsingamiðstöð-



SIGURJÓN Hafsteinsson og Steinunn Ásmundsdóttir.

ina styrkur því þannig geti það sinnt fræðsluhlutverki sínu vel betur en ella.

Tjaldsvæðið er manngert en reynt hefur verið að láta trjágróður og aðrar plöntur halda sér og hluti mólandisins hefur verið látinn ósnortinn til þess að viðhalda fjölbreyttu fuglalífi. Hús og búnaður þykir falla mjög vel að umhverfinu; girðingastaurar, hjólagrindur og fleira er smíðað úr tilfallandi trjáum. Hönnunin er þannig að álagið dreifist yfir stórt svæði og því hægt að taka á móti fjölda manns án þess að valda miklum skaða á gróðri.

Í sumar sem leið var síðan gefið út fréttabréf tjaldsvæðisins til upplýsingar fyrir ferðamenn um umhverfismál og þjóðsögur tengdar svæðinu.

Að sögn er það mat dómnefndar að starfsemin á Egilsstöðum sé til eftirbreytni fyrir aðra aðila og skref til framtíðar. Erlendir ferðamenn sem sækja okkur heim koma flestir frá löndum þar sem umhverfisvitund er sterk. Þess vegna þykir það sjálfsögð krafa að umhverfismálum sé vel sinnt á þjónustustöðum fyrir ferðamenn.